

Hvalfjarðarsveit
Laufey Jóhannsdóttir,
sveitarstjóri
Innrimel 3, Melahverfi
301 Akranes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 26. júlí 2012
Tilvísun: UST20120600022/abg

Lýsing á deiliskipulagi athafnasvæðis á Grundartanga, umsögn

Lýsing vegna deiliskipulags athafnasvæðis og iðnaðarsvæðis á Grundartanga, Vestursvæði Vísað er til erindis skipulags og byggingarfulltrúa Hvalfjarðarsveitar er barst 10. apríl sl. Þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna lýsingu deiliskipulags athafnasvæðis, athafna- og hafnarsvæðis og iðnaðarsvæðis á Grundartanga, vestursvæðis, í Hvalfjarðarsveit.

Deiliskipulagið tekur yfir eldra deiliskipulag neðan Grundartangavegar er samþykkt var í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar á sl. ári og eru gerðar nokkrar breytingar á því. Innan deiliskipulagsins er einnig svæði ofan Grundartangavegar að þjóðvegi 1. sem er að mestu óraskað. Stærð deiliskipulagssvæðisins kemur ekki fram en í lýsingunni segir að skipulagssvæðið sé í aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar merkt sem A7, athafnasvæði við Grundartanga. Stærð svæðis A7 sé 199 ha, en að deiliskipulagið nái aðeins til hluta þess. Ekki fylgir skýringaruppdráttur þar sem hlutfall skipulagssvæðisins sést á umræddu A7 athafnasvæði sem skilgreint er í aðalskipulaginu.

Breyting á því svæði er eldra deiliskipulag náði yfir felur í sér skilgreiningu tveggja nýrra lóða fyrir dælustöð og spennistöð norðan Tangavegar, skilgreiningu þriggja nýrra lóða neðan Klafastaðavegar, vegartengingar og efnislosunarsvæða á athafna- og hafnarsvæðinu neðan Klafastaðavegar. Breytingar á öðrum lóðum og byggingarreitum eru vegna fyrnefndra breytinga.


Ofan Grundartangavegar á lítt röskuðu landi verða skilgreindar nýjar götur, lóðir og byggingarreitir fyrir athafnastarfsemi. Á svæðinu verða skilgreindar rúmlega 60 lóðir af ýmsum stærðum, hljóðmön neðan þjóðvegar nr.1, helgunarsvæði lagna, vatnsveitu og rafveitu.


Varðandi breytingu á eldra skipulagi telur Umhverfisstofnun ekki um að ræða meiriháttar breytingu og vísar í umsögn er stofnunin veitti 23. nóvember 2011. Í þeirri umsögn gerði Umhverfisstofnun athugasemdir varðandi umfang og eðli áætlaðrar landfyllingar. Stofnunin benti einnig á mengunar hættu vegna endurvinnslu á álgjalli og stáli. Varðandi flæði- og

kerbrotagryfju veltir stofnunin upp skilgreiningu á landnotkun og til hvers þarf að horfa varðandi starfsleyfi og vöktunaráætlun fyrir áætlaða gryfju. Umhverfisstofnun vakti einnig athygli á einföldun varðandi mengandi og lítt mengandi starfsemi og tilgang laganna um mat á umhverfisáhrifum í því samhengi. Umhverfisstofnun tók undir áætlun um skógrækt til mildunar á umhverfi svo mikils iðnaðarsvæðis eins og Grundartanga, varast þurfi þó einsleitni við ræktunina.

Í eldra deiliskipulagi voru áætlaðar um 46 lóðir fyrir hafnsækna starfsemi og 9 lóðir undir iðnað neðan Grundartangavegar sem með nýju skipulagi hnikast eitthvað. Á svæði ofan Grundartangavegar er áætlað samkvæmt lýsingunni 60 lóðir undir athafnastarfsemi. Umhverfisstofnun bendir á að með áætluðu skipulagi má búast við frekari losun mengandi efna, enn frekari sjónrænnar mengunar og álagi á aðliggjandi svæði. Umhverfisstofnun telur því eðlilegt að horfa til samlegðaráhrifa allra umhverfisþætta á Grundartangasvæðinu út frá þolmörkum þess og stefnu sveitarfélagsins í umhverfismálum.

Virðingarfyllt


Ólafur A. Jónsson
Staðgengill forstjóra


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
deildarstjóri